fólk í fréttum



AÐDÁENDAKLÚBBUR

Yoko Ono valdi mynd Einars Fals

Félagar í aðdáendaklúbbi Johns Lennons og Yoko Ono fá reglulega send póstkort frá klúbbnum ásamt fréttabréfum o.fl. Að þessu sinni varð mynd Einars Fals Ingólfssonar ljósmyndara Morgunblaðsins fyrir valinu. Hefur hún verið prentuð í þúsundum eintaka og fer um þessar mundir til fólks víða um heim.

Einar Falur er við nám í New York og tókst honum á sínum tíma að herja út viðtal við Yoko. Þegar hún kom svo til Íslands árið 1991 í tilefni sýningar sinnar á Kjarvalsstöðum var Einar Falur með henni allan tímann sem ljósmyndari Morgunblaðsins En einnig hafði Yoko beðið hann að útbúa myndapakka frá Reykjavík fyrir sig, meðal annars frá sýningunni, opnuninni o.fl.

Myndin sem Yoko valdi er í miklu uppáhaldi hjá henni, en hún sýnir hvar Yoko sáir fræjum í uppákomu sem hún nefndi „Painting for the Wind" eða Málverk handa vindinum. Með henni eru íslensk leikskólabörn sem voru viðstödd uppákomuna.



Kortið sem félagar í aðdáendaklúbbi Johns Lennons og Yoko Ono fá sent.



Morgunblaðið/Kristinn

Halldór Blöndal landbúnaðarráðherra færir Ragnheiði Árnadóttur deildarstjóra ítalskan listmun sem þakklætisvott fyrir störf hennar. Ragnheiður varð sjötug fyrr á árinu og lét því af störfum um áramótin eftir að hafa gegnt starfi deildarstjóra í 20 ár.

ATVINNA

Hefur unnið með átta ráðherrum

Ragnheiður Árnadóttir kvaddi landbúnaðarráðuneytið nú um áramótin eftir að hafa starfað þar sem deildarstjóri í tuttugu ár. Hún hóf störf sem ritari í atvinnumálaráðuneyti — sem landbúnaðarráðuneytið féll m.a. undir — fyrir 23 árum. Segja má að Ragnheiður sé nokkurs konar brautryðjandi kvenna í karlastörfum því hún og Ingibjörg Magnúsdóttir voru fyrstu kvendeildarstjórar sem ráðnir voru í stjórnarráðinu. Eftir stúdentspróf árið 1942 réðst hún til Morgunblaðsins sem blaðamaður. Þá var hún eini starfandi kvenblaðamaðurinn á Morgunblaðinu; tók við af Ester Björnsson. „Í þá daga var hlutverk kvenblaðamanna á Morgunblaðinu að sjá um að þýða framhaldssöguna og hafa umsjón með kvennasíðu. Ef haldin var tískusýning þá var ég send niður á Hótel Borg til þess að lýsa því. Ég man aldrei eftir að hafa verið send í nein viðtöl nema sem viðkom tísku og snyrtingu.

Þetta var á þeim tíma sem aðeins nokkrir blaðamenn voru starfandi við blaðið. Ef laus stund myndaðist var farið í umbrot eða aðstoðað við auglýsingar. Þetta var skemmtilegur og viðburðaríkur tími, en ég hætti haustið 1943 þegar ég eignaðist fyrsta barnið mitt. Margrét Indriðadóttir tók við af mér," sagði Ragnheiður í stuttu spjalli við Morgunblaðið.

Þýddi um 20 bækur

Hún segir ennfremur að í þá daga hafi ekki verið til siðs að koma börnum fyrir meðan mæður væru útivinnandi. Hún tók í staðinn að sér þýðingar og eftir hana liggja a.m.k. 20 bækur, auk annars. Einnig greip hún í ýmis störf við fyrirtæki sem maðurinn hennar veitti forstöðu. „Mér fannst alltaf gott að hafa eitthvað að grípa í. Mig langar líka til að nefna að það var Morgunblaðinu að þakka að ég fór að þýða bækur strax eftir stúdentspróf, sem var upphafið að því að ég tók að mér þýðingar heima. Þegar ég kom inn á Morgunblað nýskriðin út úr stúdentsprófi var mér afhent ritvél og þar með átti ég að byrja að vinna. Ég hafði aldrei komið nálægt slíkum grip í menntaskóla og byrjaði á því að nota tvo fingur. Ég verð að viðurkenna að fram á þennan dag hefur það dugað," sagði Ragnheiður og virtist ekki koma á óvart þegar henni var sagt að nýir blaðamenn fá sömu meðferð ennþá nema nú er notast við tölvur.

Eftir að hafa komið upp fjórum börnum leitaði Ragnheiður aftur út á vinnumarkaðinn og lá þá beinast við snúa aftur í ráðuneytið, en þar hafði hún einnig unnið nokkur sumur áður.


Vann í upphafi fyrir Ingólf

Um líkt leyti og Ragnheiður hóf störf í ráðuneytinu stóðu miklar breytingar yfir í stjórnarráðinu. Meðal annars var atvinnumálaráðuneytinu skipt upp í sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti. Fyrsti ráðherrann sem Ragnheiður vann fyrir var Ingólfur Jónsson en alls hefur hún unnið fyrir átta ráðherra, þá Halldór E. Sigurðsson, Steingrím Hermannsson, Jón Helgason, Braga Sigurjónsson, Pálma Jónsson, Steingrím J. Sigfússon og Halldór Blöndal auk Ingólfs. Ekki vildi hún gefa upp hver var besti húsbóndinn, en sagðist hafa verið heppin. „Ég hef alltaf verið í sátt við alla og hætti þannig. Þetta hefur verið mjög góður tími og ég vona að framundan sé einnig góður tími. Ég hef jafnvel verið að velta fyrir mér að taka að mér þýðingar," sagði Ragnheiður og ljóst er að hún hefur alls ekki látið staðar numið hér.

KÓNGAFÓLK

Árið liðið og ekkert barn

Anna Bretaprinsessa og Tim Laurence hafa nú verið gift í eitt ár. Af því tilefni var ljósmyndarinn Nicholas Read fenginn til að mynda parið á tröppum Gatcombe Park, sem Elísabet gaf Önnu og Mark Philips í brúðkaupsgjöf á sínum tíma. Nú nota Anna og Tim húsið aðeins í sumarfríum og um helgar, því þau búa í stórri íbúð í miðri London. Erlenda pressan hefur hins vegar ekki minnst lengi á að Anna eigi von á barni eins og fyrst eftir giftinguna. Þá mátti ekki gúlpa ögn um magann á prinsessunni fyrr en ýmsir þóttust sjá merki um óléttu. Nú virðist hins vegar ekkert bóla á neinu barni.



Anna Bretaprinsessa og Tim Laurence ásamt hundinum Eglantyne.



Tennisstjarnan Boris Becker segir að Barbara Feltus hafi hvatt hann manna mest til að halda áfram að stunda tennis.

HAMINGJA

Tennisstjarnan Boris Becker kvænist

Tennisstjarnan Boris Becker, sem er 26 ára, kvæntist hinni 27 ára leikkonu og sýningarstúlku Barböru Feltus um miðjan desember sl. Fór brúðkaupið fram í heimabæ Beckers, Leimen í Þýskalandi. Eiga þau von á fyrsta barni sínu nú í janúar. Í erlendum blaðagreinum má lesa um að Boris telur það mestu gæfu sína að hafa kynnst Barböru. Hann hefur ekki verið kvæntur áður né hringtrúlofaður, þó svo að hann hafi verið orðaður við skautadrottninguna Katarinu Witt og fleiri konur á árum áður. Í einu bandarísku tímaritanna lýsti hann því jafnvel yfir að eftir að hann kynntist Barböru skipti ástin hann miklu meira máli heldur en allar tenniskeppnir í heimi. Hann segir þó að Barbara hafi hvatt hann manna mest til að halda áfram og því sé hann tilbúinn að leggja sig allan fram um að ná sem bestum árangri.